



Stúdentaráð Háskóla Íslands

*Stúdentaráðsfundur  
25.. mars 2025*

### **- T I L L A G A -**

Stúdentaráð Háskóla Íslands beiti sér fyrir því að áfanginn Ástráður (416G) verði gerður að skyldu í læknisfræði.

### **- R Ö K S T U Þ N I N G U R -**

Ástráður, kynfræðslufélag læknanema stendur fyrir Ástráðsviku á haustmisseri fyrir 2.árs læknanema. Vikan undirbýr nemendur til að halda fyrirlestra í framhaldsskólum landsins. Farið er yfir kynheilbrigði, kynlíf, kynhneigðir og fleira sem að því kemur. Kennslan er í formi fyrirlestra og fyrirlesararnir koma úr öllum áttum. Læknanemar í stjórn Ástráðs skipuleggja Ástráðsvikuna. Hingað til hefur þetta verið valáfangi og mikið verið um það að nemendur skrái sig ekki í hann í þeim tilgangi að fá frí frá skóla.

Höfundar tillögunar leggja þó ekki til að nemum verði gert skylt að halda fyrirlestra í framhaldsskólum landsins, það verði áfram valkvætt. Með þessu verður fært í námsskrá verðandi lækna allt það mikilvæga sem Ástráðsvikan kemur á framfæri

Eiríkur Kúld Viktorsson, sviðsráðsforseti Heilbrigðisvísindasviðs fyrir Vöku, félag  
lýræðissinnaðra stúdenta  
Katrín María Ólafsdóttir, formaður Ástráðs, kynfræðslufélags læknanema